

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. mars 2009 02-2009030318
T-ums 16/09

Umsögn um frumvarp til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík - 394. mál, þskj. 664.


Ríkisskattstjóri hefur þann 17. mars 2009 mótttekið til umsagnar frumvarp til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík - 394. mál, þskj. 664.


Með frumvarpinu er lagt til að ríkisstjórn Íslands verði veitt heimild til að semja við Norðurál Helguvík ehf. og eiganda þess um að reist verði og rekið álver í Helguvík. Í frumvarpinu er kveðið á um hvernig haga skuli skattlagningu á starfsemi álversins og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu að í meginatriðum verði hún í samræmi við íslensk skattalög en þó með nokkrum sérákvæðum. Helstu frávikin eru eftirfarandi:

- tryggt er að skatthlutfall álversins verði aldrei hærra en 15%
- frádráttur vegna rekstrartapa nái ávallt til tíu ára
- sérreglur um fyrningu eigna
- undanþágur frá iðnaðarmálagjaldi og markaðsgjaldi
- sérreglur varðandi stimpilgjöld
- sérreglur varðandi útreikning fasteignaskatts
- sérreglur varðandi byggingarleyfisgjald og skipulagsgjald
- undanþága frá rafmagnsöryggisgjaldi

Ríkisskattstjóri bendir á að verið sé að mismuna í skattalegu tilliti með samningum af þessu tagi en telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið enda er ákvörðun um lögfestingu þess af pólitískum toga.

Virðingarfyllst


Guðrún J. Jónsdóttir


Skúli Eggert Þórðarson